



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Minnisblað - 18. apríl 2016**

**Sameining GN eigna ehf við Hafnarfjarðarkaupstað - mál nr. 1604298**

GN eignir ehf. hefur haldið utan um eignir sem bærinn keypti af Nýsi og báru með sér VSK kvöð og var af þeirri ástæðu ákveðið að halda þeim í sérstöku félagi. VSK kvöðin var fyrnd í ágúst 2015 og fékkst því niðurfelld frá og með 1. september 2015.

Ekki þarf lengur að greiða stimpilgjöld við við samruna félaga sbr. eftirfarandi:

#### XII. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 138/2013, um stimpilgjald, með síðari breytingum.**

38. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði 1. másl. á ekki við þegar nafnbreyting verður á eiganda fasteignar eða skipa yfir 5 brúttótonnum í opinberum skrá, svo sem í þinglýsingabókum, í kjölfar félagaréttarlegs samruna, breytingar einkahlutafélags í hlutafélag eða skiptingar.

Það er ekkert því til fyrirstöðu lengur að GN eignir verði lagt niður og eignir og skuldir félagsins yfirteknar af eignasjóði. Það sem sparast við samrunann er aukavinna við að halda GN eignum ehf. aðgreindu í rekstri og uppgjörum og endurskoðunarkostnaður sem nam rúmlega 400 þús.kr. á yfirstandandi ári. Kostnaður við samrunann er einskiptiskostnaður og er áætlaður undir 100 þús.kr.

Hafnarfirði 18. apríl 2016

Rósa Steingrímsdóttir  
Sviðsstjóri fjármálasviðs